(Þess íslendska Evangeliska)
(Smábóka Félags rit No. 38.)

Guð er Kjærleikurinn

orkt af Bjarna Þórðarsyni á Barðaströnd.

Lagið: O hvað stór guðlig gjæðska er.

Allt hvað um Drottins makt eg man," mig sagntekur af forundran;" hans dýrstu verka dæmin hér," dásemdar keðja margföld er," hvar einn hlekkur teingist annan við," þó einginn sjái þann fyrsta lið;" því eldstu Guðs verkum inna frá," einglar og menn ei skynjað fá."

Þín vera er aldrei útmáluð," óendanliga stóri Guð!" og eiginligleika æðsta mál," ógripanligt er hvörri sál;" það sem Drottinn frá eylífð er," allt hefir hann af sjálfum sér;" með skepnum öllum, er skapa vann," skiptir blessunar nægðum hann."

Allt er í Drottni undravert," eins og það sem hann hefir gért;" ófinnanligir anda mans," eru forsjónar-vegir hans." Eitt má þó sýnast

allra stærst," í hans veru sem glansar hærst," er það kjærleikans eylíf fremd," ástríki, gjæðska, miskunsemd.

Að Guð til þess að minda mann," mest hafi brúkað kjærleikann," sjáum vér best með sannleiks raunsn," á sending Jesú og endurlausn;" því hjálprædis medal eylíft eitt," afvikunum manni fékk tilreidt," án þess hann skapa ecki var" eptir hjarta Guðs miskunnar.

Ef hnottur veraldar, handur, sjór," hót er ei meira enn sandkorn stór," móti hnattanna hinna fjøld," á himninum sem að lýsir øld;" ecki er stærri misgjørð mans," móts við kjærleiksdjúp skaparans; það sýndist best þá sendi á jørð" sitt einkabarn að frelsa hjørd.

Undrast og tilbið Adams kyn!" þinn óþýnisliga Guð og Vin;" hann lítillækkar sjálfan sig," svo að upphæckað géti þig;" fagnandi þínu frelsi mót" feiginn taktú af hjartans rót;" þótt innbúi jarðar aumrar siert," óþacklátur þess síður vert.

Elska Guðs þar í auglýstist," að gefa' oss Herrann Jesúm Christ;" af forþénustu fylling hans," farsælist gjørvallt rádið mans;" andar og lífsins gjæfu gnótt," glæðist af henni dag og nótt;" sú kjærleiks gáfa kraptasterk," kórónar øll Guðs mildi-verk.

O þá dýrmætu andar-fró:" ordið varð hold og með oss bjó," færði' oss af himni frið og náð," frelsi blessun og hjálpar-ráð;" útvalinn

hann frá eylífð var," að offrast fyrir syndirnar;" ef var ei ætlaður heimi hann," hefði Guð eigi skapað mann.

Af Guði honum heitið var," heiðnum þjóðum til arfleifðar;" svoddan dagliga sannast nú," sigrar villuna heilög trú;" o að Guðs og Krists orða = ljós," aukist og vinni sigurhrós," svo frelsaðra sálna sjái krans," hvað sællt er að vera arfur hans.

Þá Jesús dó fyrir alla oss," undarligt háði stríð á kross;" eg til þess líka eingan finn," til upphefðar þénti forsmánin;" með sigri burttók hann syndagrönd," sundur braut dauðans hleckjaband;" af upprisu Drottins eg best finn," hvað endurlausn hans er fullkomin.

Jesú þitt herfáng játa eg mig," jeg vil af hjarta elska þig;" líf og upprisa ert þú mín," eg trúi fyrirheitum þín;" í nafni þínu Guðs náðarstól" nálægist eg og finn þar skjól;" eylífan föður allt eins þinn," eg voga nú að kalla minn.

Anda helgan eg auðmjúkt bið," andar míns breiskleik hjálpa við;" án þess eg ecki Kristum kann" kalla Herra, né trúa á hann." Styrk mig í freistni og fári kífs" farsælliga til eylífs lífs," að vegsama þar í kvittra krans," kjærleika Guðs og Lausnarans!

Trúnadar-traust á Jesú Forþénustu

af sama Høfundi.

Lagid: Um daudan géf þú Drottinn mér.

Jesú þú ert mitt ljós og líf" og lækníng andar meina;" eg fel mig þinni hjálp og hlíf," hvad sem á þarf ad reyna;" í heimi eckert hugga kann," fyrir hegning réttlætis sékfdan mann," utan þín náð alleina.

Mannlig gódverk ei megna par," mót fári andar dauda;" vísdómur állrar veraldar" verdur ad eingu' í dauda;" þá er einasta athvarf mans" endurlausnar-verk frelsarans," og blessad blód hans rauda.

Þá ángradri sálu andar mord" ógnar og straffid versta," þad blessada Kristi krossins ord" kraptinn auglýsir mesta;" og trúin sem Jesú mænir mót" medtekur þá af hjartans rót" frí unar borgun besta.

Ogni mér synda eylíf gjold," og Guds stránga réttlæti;" voldugan hef eg varnar skjold,"

sem veitir andliga kjæti;" verðskuldan Jesú! þín er það," þessari trúin hallast að;" styrk hana son Guðs sæti!

O Jesú! það er játning min," jeg meðan dvel á fróni;" kvøl þín einasta og krossins pín," mig kvittar frá andar tjóni." ó Herra gef mér anda þinn," að upplýsa hug og skilning minn;" svo þér í trú eg þjóni.

Af dauða Jesú eg fulla finn" fróun sorg- bitnu geði;" að hann frá dauða er upprisinn," oss til réttlætis skeði." Dómarans reiði á enda er," en Guðs velþoknan gefin mér," unun og andar gleði.

Eylífa gjæðskan útgaf hann," af óseigjanligri mildi;" eylífs kjærleika ávöxt þann," ecki þockum sem skyldi." Annars heims fæ eg ædri lyst," að vegsama þig ó Jesú Christ," og prísa þitt gjæðsku gildi.

Utvaldir sem um eylífð fá," í himna dýrð að skína," meður fagnaði minnast á," manndóms teikningu þína," dauða, upprisu og dýrðarhag;" Drottinn Guð í það samfélag," mjøg lángar sálu mína.

Anda þíns krapti út mig bú," sem efli mér lyst ótrauða;" til þess með betrun bæn og trú," búast við mínum dauða." Inntak mig síðan þángað þú," þar sem að ríkir sæll Jesú," himneski hyrdir sauða!

O Jesú! ríki eylíft þitt" aldregi náir dvína!" O að það væri yndi mitt," að elska tilkomu þína!" Í þína mildu hjálpar hönd," hér þó vanmegnist líf og önd," fel eg sál frelsta mína.

Saungur

Christins manns í sæng sinni, á náttar-þeli, þegar hann getur ecki sofið.

Sálm. 149, 5. Hinir Heilögu skulu gladir vera, og vegsama Drottinn í sínum hvílu-rúmum.

útlagt úr dönsku af Utgéfar.

Lagið: hvar veit hvað fiærri er æfi endi og s. fr.

Guðs lofgjörð skal í húmi hljóma," hvílustað mínum sungin frá;" mér skal ei banna myrkrið gróma," miskun Guðs festa sjónir á." Hans

nádarljós því sýnir sig,″ svartnættið þó að hylji mig.

Svefns þó að nóttin synji værða,″ sem dýrmæt þykja hverri þjóð;″ skal þá minn huga sorg ei særdan,″ svefnleysi meður, þeigi góð?″ skal næturtíminn tvefaldt þá″ teigjast af grusi og hugar þrá?

Nætur andvakan dáð kann drýgja″ og dægrastytting, sem heilög er;″ þegar til Jesúm þánkar flýja,″ því að náðin hans lífgun tjer;″ Nú mitt svefnleysi eg nota vil,″ náðar Drottins að þeinkja til.

Blessuð var nótt, þá sælir súngu″ sanna Guðs lofgjörð Einglar hans:″ að Guð varð maður, svo gjöldum þúngu″ gjæti fráskúið týni mans.″ Af hljómi þeim fylltist himininn:″ Heimsins er fæddur Lausnarinn.

Nú vil eg þá um nætur stundir,″ nætursaung Eingla minnast á;″ holdinu þegar hafnar blundur,″ hörpu skal önd mín Guði slá″ fagnandi, þar hans friðar sól″ fyllir með ljóma sinn-ból.

Lof sé þér gódi Guð og Faðir,″ er gafst oss þinn Son til friðar best!″ hvor af mildi sig mjög lækkaði,″ svo manneskjan þat við frelsaðest;″ æ það er hjartans yndis fró,″ um það að syngja í nætur ró.

Guðdómsins Andi géf mér þína″ gáfu, svo báseind skynji þá:″ að Guð sig í holdi

gjörði sýna;" gleður boðskapur hjartað sá;" af Guðs orði lífgun gefst oss sú," Guðs Andi kjær það verkar þú.

Boðast á jörðu friður frîður," friðar höfðinginn kominn er;" æ að hann þeckti allur lýður," yrði þá ljós á jörðu hér!" upplýs Jesú öll heimsins börn," svo heimur þecki þig Drottin vorn!

Faðir, nær villtú fullauglýsa" fyrir heiminum Soninn þinn?" skal sér-vits nótt þann sigur prýsa;" svo leingi' að drottni vantrúin?" verði ljós! seig af valdi snart," svo verði' á jörðu' af deigi bjart.

En ó þá nóttu nær Jesús kvaldist," nær hann blóðinu sveitast réð;" af kjærleika undan kvöl ei taldist," kaupa því vildi' oss dauða með." Þá Eingill! pínu sem hans sást," seig hvað hann knúði brennheit ást.

Sánga vil með þér gráts í dalinn," Guð og maður sem píndur varst;" við mig þú náðir kannast kvalinn," kvöl sú hræðir mig, er þú barst;" það var mín forþént synda sekt," sem þig Guðs sonur píndi frekt!

Dauðans börnum réð dæmast lífið," þá deyði Jesús; sem veitti frið;" vottaði' hans sára kvala kífið" kjærleika Guðs og réttlætið." Synda fángelsis slúði nótt;" feingu þeir sekir náðar gnótt.

O. þær farsælu friðar tíðir," er færast þér dýrkeypt Jesú hjörð!" heiður Guðs ástar alla

prýði," auglit Guðs skíni' á vora jörð!", lof sé Guði, því einn eg er" af þeim sem Drottinn kjærleik tér.

Glaður er eg, því Guð mig elskar;" Guðs sonur Jesús veitti það;" trúin á hann ef finst án fölska," sær dýrð og sæld mér útvegað." Guðs hús í myrkri sæng mín sé," saung Guðs bátignar láti í tie.

Blessuð þaug augnablikin verði," sem bönnuðu værðir svefnsins mér," andvakan svo mér gleði gérði," í Guðs sonar trú eg styrkur er;" eg vísi er Jesú einn af þjóð;" eg er Guðs vinur fyrir hans blóð.

O þér andar frá himna hæðum," horfið á mig og dáist að!" hvörsu' eg er Drottins gjæðsku gjæðum" gagnaudgaður í allan stað;" og ef þér sjáið hvað sæll eg er", sýngið þá Drottni lof með mér!

Sýngið Guðs elsku saung lofgjörðar," sýngið glaðir og lofið hann!" nær mun eg þángað numinn verða," hvar nafn hans jafnt yður lofa kann?" blygðast eg fram að bera vans," barnahjal mitt um kjærleik hans.

O að mín heila hérvist bæri" helgun, af Jesú náðar krapt;" o að hans lífnaðs ljóminn skjæri" lífs mér uppfylti hjartað sast;" Seraphíms mundi saunginn þá" sérhvör mín helgud líf-æð slá!

Nær mun eg stíga' í himna hæðir" hreinn

fyrir Jesú dýra blóð;" með útvöldum syngja sigur-kvæði," um sáluhjálp er hann veitti þjóð?" biðjandi þreya' og þola vil," þar til minn Jesús seigir til.

O þér Guðs menn, sem miðt í böndum," um miðnætti súngud Guði prís," fúrdú-trú bjó í yðar öndu," um hennar verkun lærdóm kýs:" hugprúðir mættuð heims við kíf," harmkvæli sögnuð, dauða, líf.

Hjarta mitt gremst, nær gjöri' eg minnast" glæpa, sem nóttin hylja má," hvldsins verk hvar eð framin finnast" fúl, í ótugtar svartri krá." O myrkur! dára fæl þú frekt," sem fremja' um nætur ótíerlegt.

Upturlæs himinn, augum þínum" yfir nátt-svalli og dryckjuglaum!" géf þitt náðarljós geislum fínum" géti þaug myrkra börnin aum" upplýst, er velta' í syndum sér," og svívyrðing þeirri', ei iðrust bér.

Nætur andvakan banna' að blecki" brjóstið mitt slíkum þaunkum með," af hvörjum sál mín eitur drecki;" af þinnar náðar lind mig sed." Lát mig í andans vöku værd," vegsemdar Jesú skoða stærð.

Í Jesú trúar eg líst lisi," lisir nú Jesús eins í mér;" andi hans mig til dygða drisi," svo dagsar mitt honum líkist hér;" ef mín vanart sér út vill slá," orð Jesú hana deydi þá.

Eg særist, og minnu svíður hjarta," svo tídt

eg hrafa, en það er tídt!" fyrir þeim Drottni dapur kvarta," er dauðans kvalrædi þoldi strídt" mín vegna', og trúnni traustur í" til Guðs miskunar þá eg flý.

Fyrir nádarstól frí svo dæmist," fyllist þá gledi hjartad mitt;" af elsku Jesú vid sérhvad sæmist" sem hönum þóknast, fordast hitt;" þó blæi dárinn ad hrøsun mín," af henni sprettur þó betran fín.

Lífs deigi snart ad lotum hallar," lyktast þá tími stríðsins minn;" veittú mér Jesú adstod alla," ad eg loks vinni sigurinn!" trú mín og dygd ei taki hlje," til þess eg þig á himnum sje.

Ver og leid Jesú saud þinn sjúka," synda' og hörmúnga gégnum flód!" léna mér þína lidsemd mjúka," og ljós þitt, á dauðans myrkvu slód!" veittú mér þinnar ástar il," er eg kólna vid dauðans hil!

Vonar augum eg mæni mínum," myrkur útyfir dauðans svert;" eg óttast þá fyrir eingum plnum," upprennur dýrdar sólin bjort." óska eg því sem allra fyrst," útvoldum med ad hreppa vist.

Fagna eg þegar lífs á landi," lífs í bók skrifad nafn mitt finn;" hvar eg, á ódals-arf liggjandi;" er þar fadir og bródir minn." Allgjor í dygdum eg þá blíf," en Gud mín sæla, hnoss og líf.

Loks er básúna Guds mun gjalla" geist, um midnættis sídstu tíd," hrædsla mun grípa'

og ángist alla," ádur sem Jesú móti stríd" hǿfu hér frekir, hvorn eg þá" á hædum med gledi sæ ad sjá.

A þér, Jesú! í skýum skoda" skrust þaug merki, er votta þig;" slý eg þá til þín frjáls af voda," skjótt á hægra veg setur mig." Forgángi Jörd en sølni sól!" sæ eg samt líf hjá þínum stól.

Í fridarins-borg hjá fólki þínu" finst eingin nótt, minn Herra klár!" Gud er þar sól, er geislum sínum" gledur útvalda um eylíf ár." Sem eg þar fagran sigur dans" sannfarsæll, midt í þeirra krans.

Út af Drottinnligri Bæn
útlagt, af sama.

Lagid: O Gud vor Fadir, sem í Himnaríki ert.

O Gud og Fadir allra einn, sjá, eg kém nú" fyrir þitt auglit, eins og barn," audmjúkum medur huga;" ástkjæri Fadir! elsku þinni ad mér

snú," heyrdu mín andvorp gjædsku gjarn," nær gjörir mig sorgin buga!" brádt máské lífid lyktist mitt," líkna mér þá í dauda!" heimleid í ríkid himna þitt" hrifinn úr kasi nauda," svo ad mér lífid hepnist hitt"' í hóp þinna frelstu sauda.

Helgist þitt nafnid Herra kiær í heimi hér," yfir allt þad sem þeinkjast kann;" þad lát mig helga líka." Styrktú mitt hjarta, stoda skynsemd, stjórna mér;" lát minni sál þinn sannleikann" sýna þitt veldid ríka." Allt svo mér verdir öllu í," eins þá mig hel ádynur." Æ mitt sídarsta andvarp því," út sem mitt hjarta skynur," losi þig, Gud! svo fái eg frí" frid himna, sem þinn vinur.

Látú þíns nádar ljúfa ríkis lífs veiginn" opinberast í öndu mín," eflandi vegsemd þína;" láttú vel breiskleik einnig allan enda minn," æ framar dempa ófkir sín" öndu jardneskar mína." Þreyngíngum heimsins fær mig frá," í fögnud þíns ríkis dýra;" þar mun eg vegn þína sjá," og þeckja med reynslu skíra;" tilbidja, lofa og þacka þá" þér, medur rósemd hýra.

Verdi þinn, Fadir! viljinn gódi; veit þú mér" þolgjædi, bæn og trausta trú," trygd þín kann ecki ad dvína." Hugsanin þetsi hjarta rósemd holla tjer," eiginn vilja skal aptra sú," og dempa girndir mínar." Þú Gud! mér besta veitst og villt," vanmegn þó holdid reyni." Sjá eg er dupt af syndum spillt," en sjálfur þú,

Guð hinn eini!" allt hvað þér gedjast fær þú fyllt," frægist þinu kraptur hreini.

Dagligu braudi býtti mér þín blesšud vild;" hjálpadir þá eg hrópa vann," hjartad nam gledi smacka." Fodurliga mig fæddi hér þín forsjón mild; sadning, krapta og fognud fann," fyrir hvad allt eg þacka." Auda þú styrk og metta minn" med þínum nádar gjædum;" skeyti eg þá ecki' um skortinn hinn," skapfrór í lífsins mædum." Lyndir mér þad, ef loksins finn" líf, nægd og gledi á hædum.

En eg blygdast þó, ædsti Drottinn! inn ad gá" alveldis fyrir auglit þitt," í sektir fallinn skjædu." Hvernig kann eg þar hraustum medur huga stá," nær krefur þú gjaldid gjorda mitt," Guð! eptir logmals rædu?" Æ fyrirgéfdu, Fadir minn!" fyrir Jesú Christs sakir!" minstú á ástar eidstaf þinn, ad mig til nádar takir;" sjá hvorsu eg er sorgbitinn!" sjádú mín tár og kvakid!

Trú mína styrk, en tendra von, svo tapist ei;" fús vil eg fyrirgéfa þeim," sem frekliga mig áreita." Hatur skal ecki hjá mér vera. Eg hrópa því:" Herra, minn óvin ei fordæm," náð honum vyrdstú veita!" Sáttfýsi ræt í sinni hans," svo hann þíns kjærleiks njóti;" forda' honum audar fári og vans," farsæll svo verda hljóti!" þú og hann gleymi því til fans," þrátt honum gjordi' eg móti!

Verd eg ad reika' á veigi hálum verøld í;" freistinga snorur feldu þrátt" fót minn, og vani synda." Studdi þó opt þín hjálparhønd; og blaut eg því" uppreisn af falli aptur brátt;" en þó mig léti blinda." Æ eg veit ad þú villt mín gá; vyrdstú mér krapt ad inna," freistingin þegar fellur á," og finn eg þurd krapta minna." Gefdú mér, Herra! stødugt stá" í strídinu, og loksins vinna!

Í hvad margfaldri hættu' og háska hefir þú," sem Fadir styrkt og stodad mig;" stend eg því enn vid lídi." Leystir mig opt úr lasta fjotrum líka nú;" hér fyrir skyldi' eg heidra þig," himneski Fadir blídi!" Senn mun eg daudans súpa skál," send mér þá styrk og hreysti!" Frelsadú mína' af syndum sál," sem hana endurleystir!" Æ géf mér rósamt andláts mál!" einum þér hjartad treystir;

Amen! því ríkid þitt er, Gud! en þeginn eg;" ofríki' og slægd mér opt reis mót;" en þú mig nádir stydja." Maktin er þín, þú meiri kant á margan veg" veita bædi og verka bót," en veit nockur um ad bidja." O yfir skynsemd alla hátt" almætti þitt kann verka." Dýrdin er þín. í allri átt," eylífa veran sterka!" Hér og sídar þér drýgist dátt" dásemdar lofid merka!

Prentad í Kaupmannahøfn hjá C. Græbe, 1825.